

Ferðafélag Íslands  
Mörkinni 6 Smiðjuvegi 14  
104 Reykjavík

26. október 2017  
UST201710-008/Þ.B.S.  
09.07.01

**Efni: Landmannalaugar, framlenging á leyfi fyrir rafstöðvarhús**

Umhverfisstofnun hefur móttækið erindi Ferðafélags Íslands dags. 2. október sl., vegna ósk um framlengingu á stöðuleyfi fyrir rafstöðvarhús í Landmannalaugum.

Landmannalaugar er hluti af friðlandi að Fjallabaki, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 354/1979. Mannvirkjagerð, efnistaka og annað jarðrask í friðlandinu er háð samþykki Umhverfisstofnunar

**Lýsing framkvæmdar:**


Sótt er um framlengingu leyfis á rafstöðvarhúsi sem staðsett er innan friðlandsins. Sótt er um framlengingu á leyfi sem Umhverfisstofnun veitti þann 16. júní 2017 og rann út 30. september sl. Í umsögninni kemur fram að vonast sé eftir því að fá leyfi fyrir rafstöðvarhúsinu þar til skipulagsvinnu líkur og þar til ákveðið verður hvernig svæðið verði til frambúðar. Ef það er ekki möguleiki þá óskar Ferðafélag Íslands eftir stöðuleyfis til eins árs í einu. Skálavörður er á svæðinu allt árið og þarf svæðið á rafstöðinni að halda yfir vetrarmánuðina líka.


**Áhrifamat:**

Eins og kom fram í umsögn Umhverfisstofnunar í júní 2017 þá metur hún að framkvæmdin muni hafa frekar neikvæð áhrif á ásynd svæðisins þar sem verið er að bæta við byggingu á svæði sem áætlað er að fækka byggingum samkvæmt deiliskipulagi sem er í vinnslu. Umhverfisstofnun telur aftur á móti jákvætt að með framkvæmdinni verði rekstraröryggi rafstöðvarinnar bætt og dregið úr hljóðmengun.

Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti framlengingu á stöðuleyfi fyrir rafstöðvarhúsi í Landmannalaugum, til eins árs þar sem ekki er gert ráð fyrir fjölgun bygginga á þessu svæði samkvæmt deiliskipulagi sem er í vinnslu. Eins vísar Umhverfisstofnun til ákvörðun sveitarfélags um sama mál þar sem skipulagsnefnd veitti stöðuleyfi til eins árs.

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri

  
Hákon Ásgeirsson  
Sérfræðingur